Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1263
komudagur 28.2. 2007

FÍS – fyrir íslenska verslun

Alþingi-Efnahags- og viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.02.2007
Tilv. 02.109
GSJ

**Efni: 82. gr. laga um vátryggingasamninga – breytingartillaga.**

FÍS hefur borist til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vátryggingasamninga (387. máli á 133. löggjafarþingi).

Hér er um að ræða tillögu sem Persónuvernd hefur gert til breytinga á fyrirliggjandi frumvarpi og efnahags- og viðskiptanefnd hefur ákveðið að gera að sinni. Eina efnisbreytingin sem breytingartillagan innifelur er að orðið “barn” er fellt út úr 1. mgr. 1. gr. Að öðru leyti er um að ræða tilfærslu á texta milli málsgreina, sem ekki felur í sér efnisbreytingar.

FÍS styður þessa breytingartillögu, og leggur áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið í þessari mynd verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Sjónarmið FÍS í málinu eru þekkt og komu fram á fundi í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrr í þessum mánuði og í umsögn félagsins um málið frá 14. febrúar s.l.

Virðingarfyllst,
f.h. FÍS.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Sími: 588 8910 • Bréfasími: 568 8441 • Heimilisfang: Hús verslunarinnar, 103 Reykjavík
Telephone: 354-588 8910 • Telefax: 354-568 8441 • Address: Hús verslunarinnar, IS-103 Reykjavík
e-mail: fis@fis.is